



# Starfsáætlun Flugdeildar Landhelgisgæslu Íslands 2012

Sindri Steingrímsson  
Flugrekstrarstjóri



## 2. Efnisyfirlit

1. Forsíða
2. Efnisyfirlit
3. Inngangur
4. Skipurit Flugdeildar og Hlutverk
5. Helstu verkefni 2012
6. Önnur verkefni á árinu 2012
7. Stefnukort
8. Markmið
9. Tækjakostur Flugdeildar
10. Mannauður
11. Dagatal Flugdeildar
12. Rekstraráætlun
13. Lokaorð





### 3. Inngangur

Flugdeild Landhelgisgæslu Íslands er mikilvægur hlekkur í löggæslu, leit og björgun á landi sem og á sjó, sjúkraflutningum og almennum öryggismálum Íslendinga.

Mikilvægt er að samstaða ríki um þau gildi og markmið sem unnið er útfrá í störfum flugdeildar, samkvæmt lögum um Landhelgisgæslu nr. 52/2006, flugrekstrarhandbók Landhelgisgæslunnar, lögum um loftferðir og skýrslum sem unnar hafa verið fyrir Dóms- & kirkjumálaráðuneytið (núverandi Innanríkisráðuneyti) og Landhelgisgæsluáætlun frá árinu 2007.

Það er mikilvægara en oft áður að standa vörð um starfsemina og þá þjónustu sem flugdeild Landhelgisgæslunnar veitir landsmönnum öllum, sér í lagi á komandi tímum niðurskurðar og rekstrarörðugleika vegna stöðu íslenska þjóðarbúsins um þessar mundir.

Markvisst hafur verið unnið að því að hagræða í rekstrinum, eins og kostur er, en starfsemin er þess eðlis að það er töluverðum vandkvæðum háð vegna reglugerða og laga sem um hana gilda. Margir þættir taka tíma áður en raunverulegt hagræði verður sýnilegt.

Lögð hefur verið áhersla á að finna leiðir til að hagræða í þjálfunarmálum, búnaði starfsmanna, tölvumálum, hugbúnaði og prentun svo eitthvað sé nefnt, en einnig eru aðrir þættir starfseminnar í endurskoðun með tilliti til hagræðingar.

Kastljósinu hefur einnig verið beint að mannauði flugdeildar og ötullega unnið að uppbyggingu á því sviði með markmið mannauðssviðs Landhelgisgæslunnar að leiðarljósi. Starfsmannamál flugdeildar hafa átt undir högg að sækja vegna staðfestuleysis í stjórnun deildarinnar, sem skýrist að mestu leyti vegna þess að staða flugrekstrarstjóra hefur verið á hálfgerðum hrakhólum undanfarnar ár. Það skal þó tekið fram að það sem tími hefur gefist til að vinna á undanförunum árum hefur verið ágætlega úr garði gert.

Starfsáætlun þessi var unnin í samvinnu við starfsmenn flugdeildar og framkvæmdastjóra rekstrarsviðs. Hún tekur mið af markmiðum flugdeildar til lengri og skemmri tíma.


Samkvæmt útgefnum tölum bjargar flugdeild Landhelgisgæslunnar u.þ.b. 40 mannlífum í neyð að meðaltali á hverju ári, þar sem talið er að þýrlur skipti algjörum sköpum þegar mannlíf er í húfi. Kostnaður samkvæmt mati Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands er metinn á um 400 m.kr. vegna hvers manns. Af þessu má álykta að 40 mannlíf geti kostað þjóðarbúið um 16 milljarða króna, og er þá að sjálfsögðu ekki tekið tillit til þess tilfinningalega kostnaðar sem samfara mannskaða fara. Þetta er fyrir utan allan þann fjölda fólks sem bjargað er á hverju ári án þess að neyðarástand hafi skapast á þeirri stundu sem björgun á sér stað, en hefði að öllum líkindum endað á þá veginni ef ekki hefði komið til kasta tækja og áhafna flugdeildar.

Með flugdeild er einnig átt við flugtæknideild Landhelgisgæslunnar en þessar tvær deildir vinna ötult starf, sem ein heild, að velferð og öryggi Íslendinga í góðri samvinnu við allar deildir LHG. Nánar verður fjallað um flugtæknideildina í starfsáætlun útgefni af flugtæknideild LHG.



#### 4. Skipurit Flugdeildar og Hlutverk

Samkvæmt Flugrekstrarhandbók OM-A grein 1.1



Kjörorðin „**við erum til taks**“ eiga við hvort sem vitnað er til leitar og björgunar, löggæsluverkefna, sjúkraflugs eða annarra sérhæfðra verkefna sem starfsmönnum Landhelgisgæslunnar er trúað fyrir.

#### Hlutverk

- Öryggisgæsla á hafinu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, samninga við önnur ríki og ákvæði laga.
- Löggæsla á hafinu, þ.m.t. fiskveiðieftirlit og aðstoð við löggæslu á landi í samvinnu við ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra.
- Leitar- og björgunarþjónusta við sjófarendur, skip og önnur farartæki á sjó.
- Leitar- og björgunarþjónusta við loftför.
- Leitar- og björgunarþjónusta á landi.
- Aðkallandi sjúkraflutningar í samvinnu við aðra björgunaraðila.
- Aðstoð við almannavarnir.
- Aðstoð, þegar eðlilegar samgöngur bregðast, svo sem vegna hafíss, snjóalaga, ofviðra eða náttúruhamfara.
- Eftirlit á hafinu samkvæmt lögum um siglingavernd og öðrum sambærilegum lögum.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd einstakra verkefna í reglugerð.

Landhelgisgæsla Íslands er heimilt í samráði við ráðherra að taka að sér ólögbundin verkefni með samningum þegar sérstaklega stendur á.

**Öryggi - Þjónusta – Fagmennska eru ávallt í fyrirrúmi í störfum flugdeildar Landhelgisgæslu Íslands.**



## 5. Helstu verkefni 2012

Þyrlur Landhelgisgæslunnar sinna löggæslu, leit og björgun, eftirliti, sjúkraflutningum og almennum verkefnum í þágu samfélagsins, eins og þörf og aðstæður leyfa.

Stór þáttur í starfi flugdeildar er einnig þjálfun áhafna og er ströngustu reglum um flugöryggi fylgt eftir í hvívetna á þeim vettvangi.

Æfingar með ýmsum aðilum, s.s. séraðgerða og sprengjusviði Landhelgisgæslunnar, slökkviliði, björgunarsveitum, slysavarnarfélögum, sjómannaskólanum, lögreglu, almannavörnum og neyðarþjónustu eru mikilvægur þáttur í starfi flugdeildar Landhelgisgæslunnar.

Þyrlur Landhelgisgæslunnar eru einnig til taks fyrir einkaaðila ef á þarf að halda, gegn sanngjörnu gjaldi, en ávallt er reynt að ganga úr skugga um að þau einkafyrirtæki, sem á þyrlumarkaði eru á Íslandi, hafi forgang að verkefnum.



Þrjár þyrlur eru í rekstri um þessar mundir, allar af gerðinni Eurocopter AS332L1 Super Puma. Bera þær skrásetningarstafina TF-LIF, TF-GNA & TF-SYN. TF-SYN er nýjasta viðbótin við flugflotann og er hún leigð til 12 mánaða, sem svokölluð LIMSAR þyrla eða þyrla með skerta björgunargetu við vissar aðstæður, af sama eiganda og TF-GNA. Áætlað er að hver þyrla fljúgi um 350 flugstundir á árinu 2012.

Flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SIF er gríðarlega öflugt eftirlits- og björgunartæki. Flugvélin er



búin hátæknibúnaði (Mission Management System, MMS) sem skilar góðum árangri, og sparar í leiðinni flugtíma og eldsneyti, vegna þess hve stórt svæði er hægt að skoða gaumgæfilega með búnaðinum. TF-SIF er frábær viðbót við flugflotann. Hún

hefur verið í verkefnum á vegum Frontex, ytri-landamæraeftirlitsstofnunar Evrópusambandsins, undanfarin misseri og verður áframhald á því á árinu 2012. Áætlað er að TF-SIF verði á vegum Frontex í um 6-8 mánuði á árinu.

Viðræður halda áfram við Breska aðila um notkun vélarinnar vegna verkefna á Bretlandseyjum. Þetta er á viðræðustigi enn sem komið er.



Áætlað er að TF-SIF fljúgi um 900 flugstundir á árinu 2012.

## 6. Önnur verkefni á árinu 2012


Meðal annarra verkefna á árinu eru:

- o NAWSARH
- o Þjálfun áhafna
- o Fjármál flugdeildar
- o Starfsmannasamtöl
- o Nýjar reglugerðir EASA
- o Reglulegir áhafnafundir
- o Tölvu og upplýsingamál
- o Persónulegur SAR búnaður
- o Sameiginlegur SAR búnaður
- o Þjálfun annarra starfsmanna
- o Ráðning starfsmanna í flugdeild
- o Betri og skilvirkari innri samskipti
- o Uppfærsla á handbókum vegna nýrra reglugerða
- o Klára vinnu við búnað TF-SYN með tilliti til björgunarstarfa
- o Innleiðing Safety Management System (SMS) samkvæmt reglugerð
- o Environmental Trading System (ETS) viðskiptakerfi með losunarheimildir
- o Skilvirkari samskipti milli flugdeildar og annarra deilda Landhelgisgæslunnar
- o Ljúka við innleiðingu á Electronic Flight Bag (EFB) til að draga úr pappírnotkun





## 7. Stefnumkort\*



\*Unnið út frá korti ITR.

Stefnumkortið er ætlað sem einföld yfirsýn yfir störf flugdeildar Landhelgisgæslu Íslands. Hér má sjá yfirlit yfir helstu þætti starfseminnar, þyrflur og flugvél og einnig uppbyggingu verklags með flugöryggi og skilvirkni að leiðarljósi. Einnig eru mannauðs- og fjármálum gerð skil.



## 8. Markmið

Nokkur af helstu markmiðum Flugdeildar árið 2012:

- ☐ Efla innri samskipti flugdeildar sem og við aðrar deildir.
- ☐ Þyrilu fyrir LÍF, jan.- feb. 2012.
- ☐ Ráðning flugmanna á þýrlur og Dash,- feb.-apr. 2012.
- ☐ Ráðning stýrimanna á þýrlur, mar.- apr. 2012.
- ☐ Frontex, áframhaldandi framboð, miðað við 4-6 mán.- 2012.
- ☐ ASR, SMS & CMS,- apr. - des.
- ☐ Skipulag innri þjálfunarmála, CBT, HUET/STASS, kennarar,- 2012-2013.
- ☐ Skipuleggja gagnavinnslu og gagnasafn flugdeildar, í samvinnu við tölvudeild,- jún.-ágú. 2012.
- ☐ Ljúka endurskoðun á tölvumálum flugdeildar,- ágú. - nóv. 2012.
- ☐ Uppfæra handbækur samkvæmt nýjum reglugerðum,- 2012-2013.
- ☐ NAW SARH – vinna við þýrluútboð með Norðmönnum er í farvegi. ITT,- mar. - des. 2012.
- ☐ Umhverfiskvóti, viðskiptakerfi losunarheimilda - (EU Emissions Trading Scheme (ETS)).
- ☐ Vinna saman við að efla liðsheild LHG.





## 9. Tækjakostur Flugdeildar

Flugflotinn:

Þyrlur:

TF-LIF - Eurocopter AS332 L1 Super Puma árgæð 1986, endurbýggð árið 1994.



TF-GNA - Eurocopter AS332 L1 Super Puma árgæð 2001. Í eigu KAU holding.



TF-SYN - Eurocopter AS332 L1 Super Puma árgæð 1992. Í eigu KAU holding.



Flugvélin:

TF-SIF – Bombardier Dash 8 Q314 árgæð 2008.





## 10. Mannauður

Einn helsti styrkleiki Landhelgisgæslunnar er starfsfólk stofnunarinnar. Gríðarlega góð þekking og reynsla hefur byggst upp í gegnum árin hjá starfsmönnum flugdeildar og skiptir það algörum sköpum, þegar á hólminn er komið, í öllum veðrum við viðsjárverðustu aðstæður. Þegar útkall Alpha gellur við sýnir starfsfólk flugdeildar hvað í þeim býr, til aðstoðar samborgurum sínum.



Starfsfólk flugdeildar:

| Nr. | Nafn                    | Starfsheiti        | Nr. | Nafn                    | Starfsheiti    |
|-----|-------------------------|--------------------|-----|-------------------------|----------------|
| 1   | Sindri Steingrímsson    | Flugrekstrarstjóri | 19  | Auðunn F. Kristinsson   | Yfirstýrimaður |
| 2   | Bjarni Á. Sigurðsson    | Þjálfunarstjóri    | 20  | Friðrik Höskuldsson     | Yfirstýrimaður |
| 3   | Hólmur L. Sigmundsson   | Áhafnastýring      | 21  | Gunnar Ö. Arnarson      | Yfirstýrimaður |
| 4   | Jónína Eyjólfsdóttir    | Kaffiumsjón/þrif   | 22  | Henning Þ. Aðalmondsson | Yfirstýrimaður |
| 5   | Andri Jóhannesson       | Flugmaður          | 23  | Hreggviður Símonarson   | Yfirstýrimaður |
| 6   | Benóný Ásgrímsson       | Flugstjóri         | 24  | Magnús Ö. Einarsson     | Yfirstýrimaður |
| 7   | Björn B. Björnsson      | Flugstjóri         | 25  | Thorben J. Lund         | Yfirstýrimaður |
| 8   | Brynhildur Á. Bjartmarz | Flugmaður          | 26  | Viggó M. Sigurðsson     | Yfirstýrimaður |
| 9   | Garðar Árnason          | Flugmaður          | 27  | Vilhjálmur Ó. Valsson   | Yfirstýrimaður |
| 10  | Hafsteinn Heiðarsson    | Flugstjóri         | 28  | Teitur Gunnarsson       | Stýrimaður     |
| 11  | Jakob Ólafsson          | Flugstjóri         | 29  | Daníel Hjaltason        | Flugvirki      |
| 12  | Jens Þ. Sigurðarson     | Flugmaður          | 30  | Helgi Rafnsson          | Flugvirki      |
| 13  | Lárus H. Kristjánsson   | Flugmaður          | 31  | Hrannar Sigurðsson      | Flugvirki      |
| 14  | Marion A. S. Herrera    | Flugmaður          | 32  | Jón Erlendsson          | Yfirflugvirki  |
| 15  | Sigurður Ásgeirsson     | Flugstjóri         | 33  | Kristján B. Arnar       | Flugvirki      |
| 16  | Sigurður H. Wium        | Yfirflugstjóri     | 34  | Óskar Óskarsson         | Flugvirki      |
| 17  | Walter H. Ehrat         | Flugstjóri         | 35  | Reynir G. Brynjarsson   | Flugvirki      |
| 18  | Þórarinn I. Ingason     | Flugstjóri         | 36  | Sverrir Andreassen      | Flugvirki      |

Sjö lækmar eru tengdir störfum deildarinnar, með samningi við LHS, sem LHG greiðir sérstaklega fyrir.

|   |                       |        |   |                       |        |
|---|-----------------------|--------|---|-----------------------|--------|
| 1 | Benidikt Kristjánsson | Læknir | 5 | Hlynur Þorsteinsson   | Læknir |
| 2 | Bjarni Árnason        | Læknir | 6 | Jón Örvar Kristinsson | Læknir |
| 3 | Felix Valsson         | Læknir | 7 | Viðar Magnússon       | Læknir |
| 4 | Hannes Pertersen      | Læknir |   |                       |        |



## 11. Dagatal Flugdeildar

Helstu viðburðir og áætlaðar gróflega tímasettar:

Leiga á TF-SYN – Lokið fyrir 1. febrúar

Þjálfun áhafna – flughermir:

Þyrla vor: vika 10, 15, 19

Þyrla haust: vika 39, 41, 45

Flugvél: um 30. maí og í nóv.

HUET

Endurþjálfun

STASS

Endurþjálfun

Önnur þjálfun:

Ávallt í framkvæmd – síþjálfun



TF-SIF:

Verkefnaáætlun:

Janúar – Ísland

Febrúar – Ítalía

Apríl / maí – Ísland

Júní – Spánn

Júlí / ágúst – Ítalía

September – Ísland & Grænland

Október – Senegal

Nóvember / Desember – Ísland / erlendis



Skoðanir á flugflota:

TF-LIF:

Kemur um 25 apríl úr G-skoðun

TF-GNA

500 tíma skoðun í haust eða vetur (dagsetning ekki ákveðin)

TF-SYN

500 tíma skoðun í lok apríl

TF-SIF

Skoðun í mars og september

Sjómannadagurinn 3. Júní

Fjölmargir aðrir viðburðir eru á döfinni en ódagsettir að svo stöddu.







## 12. Rekstraráætlun

Helstu þættir rekstraráætlunar flugdeildar, án tækjakosts, í aðgengilegum tölum:



Liðirnir „Ferðir og fundir“, eru að langstærstum hluta þjálfun áhafna samkvæmt kröfum vegna flugöryggis. Mismunur launaliðs er vegna nýráðninga í deildina og kjarasamningsbundinna launahækkana.

|                                    | Liður                 | Áætlun 2012        |       | 2011               |       |
|------------------------------------|-----------------------|--------------------|-------|--------------------|-------|
| <b>0639519031</b>                  | 01 Laun               | 491.531.359        | 89,4% | 405.313.706        | 87,7% |
| <b>Flugrekstrardeild / áhafnir</b> | 02 Ferðir og fundir   | 30.167.321         | 5,5%  | 25.740.401         | 5,6%  |
|                                    | 03 Rekstrarvörur      | 14.681.312         | 2,7%  | 12.506.126         | 2,7%  |
|                                    | 04 Aðkeypt þjónusta   | 8.133.103          | 1,5%  | 14.675.089         | 3,2%  |
|                                    | 05 Húsnæði            | 375.549            | 0,1%  | 364.610            | 0,1%  |
|                                    | 06 Bifreiðar og vélar | 160.062            | 0,0%  | -330.788           | -0,1% |
|                                    | 07 Rekstrarkostnaður  | 4.511.390          | 0,8%  | 4.467.650          | 1,0%  |
|                                    | 08 Sértekjur          | 0                  | 0,0%  | -372.949           | -0,1% |
| <b>0639519031 Samtals</b>          |                       | <b>549.560.096</b> |       | <b>462.363.845</b> |       |





|                | Liður                 | Áætlun 2012 |       | 2011       |       |
|----------------|-----------------------|-------------|-------|------------|-------|
| 06395190311    | 01 Laun               | 0           | 0,0%  | 20.000     | 0,0%  |
| Þjálfun áhafna | 02 Ferðir og fundir   | 93.773.329  | 99,9% | 61.513.268 | 99,8% |
|                | 06 Bifreiðar og vélar | 0           | 0,0%  | 3.776      | 0,0%  |
|                | 07 Rekstrarkostnaður  | 105.049     | 0,1%  | 156.720    | 0,3%  |
|                | 08 Sértekjur          | 0           | 0,0%  | -69.500    | -0,1% |
| 06395190311    | Samtals               | 93.878.378  |       | 61.624.264 |       |



|              | Liður                 | Áætlun 2012 | 2011       |
|--------------|-----------------------|-------------|------------|
| 06395190313  | 02 Ferðir og fundir   | 0           | 300.399    |
| Útseld vinna | 03 Rekstrarvörur      | 0           | 167.140    |
|              | 06 Bifreiðar og vélar | 0           | 2.992.777  |
|              | 07 Rekstrarkostnaður  | 0           | 29.526     |
|              | 08 Sértekjur          | -3.500.000  | -3.579.200 |



### 13. Lokaorð

Starfsáætlun flugdeildar er byggð á þeim áætlunum sem gerðar hafa verið við stefnumótun Landhelgisgæslunnar. Unnið er að markmiðum deildarinnar með árangur og skilvirkni í huga. Ekki eru öll markmið áherslumarkmið en reynt er að hafa þau sem flest mælanleg í tíma og árangri.

Starfsfólks flugdeildar leggur metnað sinn í að ná settum markmiðum og bæta markmiðasetningu deildarinnar.

Flugdeild Landhelgisgæslu Íslands er lifandi vinnustaður og endurspeglar starfsemin þann anda í verki. Starfsmenn flugdeildar eru framúrskarandi fagmenn sem vinna störf sín af kostgæfni og virðingu.

**„Við erum til taks“**

---

**Starfsfólk Flugdeildar Landhelgisgæslu Íslands**

